



Skrifstofa jafnréttismála

Jafnréttisráð Kærunefnd jafnréttismála

FRÉTTATILKYNNING

Alþingi

Erindi nr. D 120/11334

Komudagur 11/14 1996

Á fundi Kærunefndar Jafnréttisráðs 27. mars 1996, var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Karlanefnd Jafnréttisráðs mótmælir harðlega þeim áformum um skerðingu á fæðingarorlofsrétti sem birtist í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu eru fjárhagsbætur þeirra opinberu starfsmanna sem taka fæðingarorlof skertar verulega, auk þess sem afnuminn er sá vottur af sveigjanleika sem verið hefur fyrir hendi. Karlanefnd hefur í tillögum sínum um fæðingarorlof lagt áherslu á að við breytingar í þeim efnum verið hugað að aðgerðum sem geri fleiri körlum mögulegt að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Með umræddu frumvarpi eru stigin skref í þveröfuga átt. Samþykkt þessa ákvæðis væri skref afturábak í vinnunni að jafnrétti kynja og ekki til framdráttar þeirri stefnu að auka möguleika karla til þátttöku í umönnun barna. Karlanefnd skorar á alþingismenn að skoða hug sinn vel áður en þeir greiða þessu ákvæði atkvæði sitt.

Sigurður Svavarsson
formaður Karlanefndar Jafnréttisráðs